



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

26. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, föstudaginn 2. maí 2025 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður
framkvæmda og veitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður
umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging

a. Verkfundargerð nr. 16

Tekin af dagskrá. Fundargerðin var lögð fram á síðasta fundi nefndarinnar.

b. Verkfundargerð nr. 17

Verkfundargerð nr. 17, dags. 03.04.2025 lögð fram til kynningar.

c. Verkfundargerð nr. 18

Verkfundargerð nr. 18, dags. 16.04.2025 lögð fram til kynningar.

d. Framvinduskýrsla nr. 8

Framvinduskýrsla nr. 8 lögð fram til kynningar.

e. Teikningar af hitakerfi

Teikningar af hitakerfi hússins lagðar fram til kynningar.

f. Tilboð í frágang efri hæðar

Fyrir liggur tilboð frá Alefli ehf. um innanhúss frágang efri hæðar. Tilboðið er að fjárhæð 105.345.528 kr.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til tilboði Aleflis ehf. verði tekið.

g. Aukaverk

Fyrir liggja nokkur smærri verk sem ekki voru tilgreind í útboðsgögnum.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við að umrædd aukaverk séu unnin.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2. Tilboð í gólf í íþróttahúsi

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar og Steinars Sigurjónssonar, dags. 29.04.2025 um tilboð í PU gólf fyrir íþróttahúsið á Borg. PU-gólf henta vel fyrir hefðbundnar skólaíþróttir, blak og handbolta.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að samið verði við Sporttæki ehf. um lagningu á nýju PU-gólfi á grundvelli þeirrar kostnaðaráætlunar sem liggur fyrir vegna verksins.

3. Kaldárhöfði – Matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar

a. Matsskyldufyrirspurn

Fyrir liggur fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna borana og prófana tilraunaholu við Kaldárhöfða.

Lagt fram til kynningar.

b. Borplan - Teikning

Fyrir liggur teikning af legu vegslóða og borplans í landi Kaldárhöfða sem nota á við tilraunaboranir.

Lagt fram til kynningar.

4. Tilboð frá Verkís í hönnun á veitum í Vaðnesi

Fyrir liggur tilboð frá Verkís í hönnun á vatns- og hitaveitu í nýtt hverfi í Vaðnesi. Tilboðið hljóðar upp á 7.029.684 kr. með virðisaukaskatti.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að hönnun vatns- og hitaveitu verði unnin af umsjónarmanni framkvæmda og veitna og því verði ekki gengið að tilboði Verkís í hönnunina.

5. Hitaveita

a. Minnisblað um borun á hitastigulsholum

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 29.04.2025 um borun á hitastigulsholum.

Lagt fram til kynningar.

b. Drög að samningi vegna jarðhitaleitar á Snæfoksstöðum

Fyrir liggja drög að samningi vegna jarðhitarannsókna, borunar og hagnýtingar jarðhita í landi Snæfoksstaða.

Framkvæmda- og veitunefnd felur umsjónarmanni framkvæmda og veitna ásamt sveitarstjóra að aðlaga samningsdrögin að þeim samningum sem eru í gildi á starfssvæði Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

c. Minnisblað um fund vegna jarðhita á jörðinni Reykjanes

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 29.04.2025 um fund sem forsvarsmenn sveitarfélagsins áttu með landeigendum Reykjanes. Tilgangur



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

fundarins var að ræða um mögulegar rannsóknir og hagnýtingu á jarðhita á jörðinni Reykjanes.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að útbúin verði drög að samkomulagi sem taka mið af þeim samningum sem hafa verið gerðir á starfssvæði Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Drögin verði unnin í samráði við landeigendur og tekin fyrir á fundi framkvæmda- og veitunefndar áður en þau verða sendar sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjóra og umsjónarmanni veitna falið að leiða vinnuna í samráði við formann framkvæmda- og veitunefndar.

d. Umsögn hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna erindis um sölu á heitu vatni

Fyrir liggur umsögn hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna erindis um sölu á heitu vatni.

Lagt fram til kynningar.

e. Minnisblað um mögulega styrki í Grafningi vegna verkefnisins *Jarðhiti jafnar leikinn*

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 31.03.2025 um mögulega styrki í Grafningi vegna verkefnisins *Jarðhiti jafnar leikinn*.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að sótt verði um styrk fyrir næsta ár og leggur jafnframt til að sveitarstjórn setji fjármuni í jarðhitarannsóknir í Grafningi á næsta ári í tengslum við verkefnið.

f. Fundargerð af verkfundi nr. 3 vegna virkjunar borholu VN-34 í Vaðnesi

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g. Fundargerð af verkfundi nr. 4 vegna virkjunar borholu VN-34 í Vaðnesi

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h. Minnisblað um lekaleit í Vaðnesi

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 29.04.2025 um lekaleit í Vaðnesi með flygildi sem fór fram þann 3.4.2025. Í minnisblaðinu kemur fram að á nokkrum stöðum séu líklega lekar til staðar sem þarf að lagfæra.

Framkvæmda- og veitunefnd telur mikilvægt að skoða þá staði þar sem líklegir lekar komu fram. Starfsmönnum veitna falið að vinna málið áfram.

i. Fyrirspurn vegna hitaveitu í frístundabyggð í Lyngborgum

Fyrir liggur tölvupóstur með fyrirspurn um möguleika frístundahúsabyggðar í Lyngborgum til að tengjast hitaveitu.

Umsjónarmanni framkvæmda og veitna falið að svara erindinu.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

j. Fyrirspurn vegna hitaveitu í frístundabyggð í landi Ormsstaða

Fyrir liggur tölvupóstur með fyrirspurn um möguleika frístundahúsabyggðar í landi Ormsstaða til að tengjast hitaveitu.

Umsjónarmanni framkvæmda og veitna falið að svara erindinu.

k. Fyrirspurn vegna hitaveitu í frístundabyggð í Hallkelshólum

Fyrir liggur tölvupóstur með fyrirspurn um möguleika frístundahúsabyggðar í Hallkelshólum til að tengjast hitaveitu.

Umsjónarmanni framkvæmda og veitna falið að svara erindinu.

6. Drög að verksamningi vegna girðingarvinnu í kringum vatnsból sveitarfélagsins að Björk 1

Fyrir liggja drög að verksamningi við Miðengisbúið um uppsetningu nýgirðingar í kringum vatnsból sveitarfélagsins að Björk 1.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við samningsdrögin og leggur til að samningurinn verði samþykktur.

7. Fundargerð af fundi fulltrúa sveitarfélagsins með fulltrúum frá RARIK um orkuafhendingu og uppbyggingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur fundargerð af fundi sem haldinn var þann 1. apríl um orkuafhendingu og uppbyggingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Fyrstu drög að hönnun á leikskólalóð

Fyrir liggja fyrstu drög frá Landhönnun að hönnun á leikskólalóð.

Drögin lögð fram til kynningar. Nokkrar umræður urðu um drögin og felur nefndin starfsmönnum að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

9. Minnisblað um áhuga Grímsnes- og Grafningshrepps um hagnýtingu á köldu vatni á jörðinni Hallkelshólar L168247

Fyrir liggur minnisblað oddvita, dags. 25.03.2025 um áhuga Grímsnes- og Grafningshrepps um hagnýtingu á köldu vatni á jörðinni Hallkelshólar L168247. Í minnisblaðinu kemur fram að ekki sé mögulegt að svo stöddu að fá vatn fyrir vatnsveitu sveitarfélagsins úr jörðinni Hallkelshólar.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50

Að loknum fundi fóru nefndarmenn í skoðunarferð í nýtt dæluhús í Vaðnesi.